



Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum

Heiðarvegi 15, 900 Vestmannaeyjar • www.syslumenn.is • vestmannaeyjar@syslumenn.is • kt.490169-7339 • sími 458-2900

151. löggjafarþing 2020–2021.

Þingskjal 191 — 190. mál.

**Umsögn sýslumannsins í Vestmannaeyjum um frumvarp til laga
um breytingu á hjúskaparlögum, nr. 31/1993, með síðari breytingum
(skilnaður án undanfara).**

Flm.: Andrés Ingi Jónsson, Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, Guðjón S. Brjánsón, Helga Vala Helgadóttir, Jón Steindór Valdimarsson.

Inngangur

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum leyfir sér að veita umsögn um frumvarp til breytinga á hjúskaparlögum. Í inngangi greinargerðar við frumvarpið eru reifaðar þær breytingar á hjúskaparlögum sem frumvarpið á að hafa í för með sér en þær eru í megindrátum; að hjón geti fengið lögskilnað án undanfarandi skilnaðar að borði og sæng séu þau sammála um það og hagsmunir barna á þeirra forræði hafi verið tryggðir. Þá er vísað til þess að heimildir til að fá lögskilnað án undanfarandi skilnaðar að borði og sæng séu þröngar og reifað að slík heimild eigi einungis við ef um er að ræða hjúskaparbrot eða ofbeldi á heimili. Tekið er fram í greinargerð að færa þurfi fram sönnur á fyrrgreindum brotum til að krafa um beinan lögskilnað geti náð fram að ganga. Að lokum er vísað til þess að tveir fullorðnir einstaklingar eigi að geta krafist lögskilnaðar án sérstakrar ástæðu, ef vilji þeirra stendur til þess. Umsögn sýslumannsins í Vestmannaeyjum tekur mið af þeim framangreindum forsendum og markmiðum sem sett eru fram í greinargerð flutningsmanna um frumvarpið.

Almennt um greinargerð

Sýslumaður í Vestmannaeyjum vill vekja athygli á því að ekki fer fram sönnunarfærsla um hjúskaparbrot eða ofbeldi á heimili í hjónaskilnaðarmálum. Krafa um beinan lögskilnað vegna þessa verður að koma fram af hálfu þess sem brotið er á og gagnaðili verður að samþykkja að skilnaður sé veittur á þeim forsendum.

Umsögn um einstakar greinar frumvarpsins

- 1. gr. (á eftir 43. gr. laganna kemur ný grein, 43. gr. a, sem orðast svo:)

Nú eru hjón sammála um að leita lögskilnaðar og ber þá að veita þeim leyfi til slíks skilnaðar án undanfarandi skilnaðar að borði og sæng komi fram ósk þess efnis frá þeim báðum, enda eigi þau hvorki sameiginlegar eignir né börn undir 18 ára aldri, eða hjón hafa náð samkomulagi um skipan forsjár fyrir börnum, um framfærslueyri og aðra skilnaðarskilmála, sem staðfest hefur verið, sbr. 1. mgr. 43. gr. laganna.

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum telur ekkert standa í vegi fyrir því að hjón geti óskað eftir beinum lögskilnaði án þess að sérstakar ástæður þar að lútandi séu raktar hjá hinu opinbera. Aukinheldur geta fleiri ástæður en taldar eru í núgildandi hjúskaparlögum verið fyrir hendi til að leyfa beinan lögskilnað eins og t.d. samkynhneigð, þ.e.a.s. annað hjóna kemur út úr skápnum án þess að framið hafi verið hjúskaparbrot eða að hjón hafi ekki búið saman í langan tíma jafnvel þó skilyrði 37. gr. hjúskaparlaga um að hjón hafi ekki búið saman í 2 ár sé ekki uppfyllt.



Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum

Heiðarvegi 15, 900 Vestmannaeyjar • www.syslumenn.is • vestmannaeyjar@syslumenn.is • kt.490169-7339 • sími 458-2900

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum tekur því undir þetta markmið frumvarpsins að ekki sé ástæða til að rekja fyrir hinu opinbera sérstakar ástæður fyrir því að óskað sé beins lögskilnaðar standi vilji beggja hjóna til þess.

Hins vegar kunna að vera ástæður til að staldra við þegar þær aðstæður eru uppi að hjón eiga saman börn undir 18 ára aldri, jafnvel þó frumvarpið geri ráð fyrir því að forsenda fyrir beinum lögskilnaði sé sú að hjón hafi þegar náð samkomulagi um skipan forsjár fyrir börnum, um framfærslueyri og aðra skilnaðarskilmála. Telur sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum sá hluti ákvæðisins vera í ósamræmi við núgildandi stefnu og nálgun í málefnum barna að leggja skuli áherslu á sátt og foreldrasamvinnu. Það kann þannig að vera í þágu þess mikilvæga markmiðs, að reglur um skilnað styðji við að hjón taki sér tíma til að skipuleggja foreldrasamvinnu og eftir atvikum leita sér ráðgjafar, áður en skilnaðarleyfi er veitt. Sú nálgun endurspeglast til dæmis í verkefninu *Samvinna eftir skilnað* sem er að danskri fyrirmynd. Hagsmunir barnanna sem felast í því að foreldrar fái tækifæri og ráðrúm til að koma á farsælli foreldrasamvinnu vega að mati sýslumanns þyngra en hagsmunir hjóna af því að fá lögskilnað strax. Ef til vill væri hægt að sameina markmið frumvarpsins um lögskilnað án undanfara og markmið um að færa foreldrum tækifæri til að eiga kost á aðstoð eða stuðningi við að koma á virkri og farsælli foreldrasamvinnu eftir skilnað án þess að það feli í sér og hjón þurfi að ganga í gegnum skilnað að borði og sæng. Ella er það álit sýslumannsins í Vestmannaeyjum að lagaheimildin ætti aðeins að eiga við um hjón sem ekki eigi saman börn undir 18 ára aldri. Liggi fyrir fjárskiptasamningur hjóna verður ekki séð að ástæða sé til að takmarka heimildina um lögskilnað án undanfara við hjón sem teljast eignalaus.

Ef frekari upplýsinga eða álits er þörf býðst sýslumaður í Vestmannaeyjum til að svara spurningum á fundi allsherjar- og menntamálanefndar sé þess óskað.


Arndís Soffía Sigurðardóttir
sýslumaður
Vestmannaeyjum